

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 8/2008

frá 1. febrúar 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2007 frá 7. desember 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/597/EB frá 27. ágúst 2007 um að gúasatíntríasetat verði hvorki skráð í I. viðauka, I. viðauka A né I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/639/EB frá 2. október 2007 um að taka upp sameiginlegt snið fyrir framlagningu gagna og upplýsinga samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 12y (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/395/EB) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

- „12z. **32007 D 0597**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/597/EB frá 27. ágúst 2007 um að gúasatíntríasetat verði hvorki skráð í I. viðauka, I. viðauka A né I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtið. ESB L 230, 1.9.2007, bls. 18).
- 12za. **32007 D 0639**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/639/EB frá 2. október 2007 um að taka upp sameiginlegt snið fyrir framlagningu gagna og upplýsinga samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni (Stjtið. ESB L 258, 4.10.2007, bls. 39).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2007/597/EB og 2007/639/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 18, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 26, 8.5.2008, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 230, 1.9.2007, bls. 18.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 258, 4.10.2007, bls. 39.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.